


Kveðja frá forstjóra

Bændur svara kalli

Mjólkurframleiðslan tók snöggan kipp fyrir tveimur vikum og hélt áfram að aukast í síðustu viku. Framleiðslan er nú komin yfir það sem framleitt var í sömu viku í fyrra. Þetta eru ánægjuleg viðbrögð við hvatningu Mjólkursamsölnunnar til bænda um að auka framleiðsluna vegna aukinnar sölu á smjöri, rjóma og ostum og við tillögu mjólkurriðnaðarins um 7 milljóna lítra aukningu greiðslumarks milli 2013 og 2014.

Söluaukning á smjöri, rjóma, ostum og öðrum feitari vörum hefur verið mjög mikil síðustu 4 mánuði og stefnir í að söluaukning á fitugrunni frá 2012 verði allt að 5 milljónum lítra. Á sama tíma eru horfur eru á að framleiðslan minnki milli ára þrátt fyrir þau viðbrögð sem nú hafa komið fram við kalli eftir meiri mjólk.

Mjólkursamsalan telur enn fulla þörf fyrir að halda dampi í framleiðslunni og hvetur framleiðendur til að gefa hvergi eftir. Það er fyrst og fremst tvennt sem framleiðendur geta gert til að auka framleiðslu til skemmri tíma. Í fyrsta lagi að fresta slátrun eins og kostur er og í öðru lagi að gefa kjarnfóður.




Á haustfundum Landssambands kúabænda, sem Mjólkursamsalan tók þátt í, var brugðið upp einföldu sýnidæmi um hvernig kjarnfóðurgjöf borgar sig, miðað við þær forsendur sem nú eru til áramóta, um að greitt verði fyrir alla mjólk. Niðurstaða þess var að með því að auka framleiðslu um 5 þúsund lítra með kjarnfóðurgjöf gæti framleiðandi hagnast um 233 þúsund krónur, miðað við frekar slaka nýtingu kjarnfóðurs (1 kg.kjarnfóðurs gæfi 1,5 lítra mjólkur).



Áætlun til lengri tíma um framleiðslu og eftirspurn

Mjólkursamsalan vinnur nú að því í samvinnu við Landssamband kúabænda að gera áætlun eða spá til lengri tíma um eftirspurn á markaði og um framleiðsluhorfur. Þetta ætti að geta orðið grundvöllur frjórrar umræðu meðal bænda um ýmsa þætti framleiðslustýringar.

Undanfarna áratugi hefur neysla á próteini úr mjólk nánast fylgt fólksfjölgun í landinu. Nokkur sölusamdráttur varð í kringum hrúnið en nú fylgir söluaukning aftur fólksfjölgun í landinu. Öðru máli gegnir um fitusölu. Á árabílinu 1994 – 2002 varð stöðugur samdráttur í fitusölu og endurspegladi nokkuð þá næringarráðgjöf sem þá var mest áhersla á. Þetta breyttist árið 2003 og undanfarin 10 ár hefur neysla á mjólkurfitu vaxið tvöfalt hraðar en próteinsalan og fólksfjöldinn. Þetta kemur glöggt fram á meðfylgjandi mynd sem sýnir þróun prótein- og fitusölu frá 1994.



Á síðustu misserum hefur orðið vart mikilvægrar hugarfarsbreytingar vísindamanna varðandi mettaða fitu. Breskur hjartalæknir, Aseem Malhotra við Croydon University Hospital, London, birti nýlega mjög umtalaða grein í British Medical Journal, þar sem segir:

„Reyndar hafa nýlegar rannsóknir, þar sem stórum hópum fólks sem fylgt er yfir lengri tíma (prospective cohort studies), ekki fundið nein markverð tengsl milli neyslu á mettaðri fitu og áhættu á hjartasjúkdómum. Aftur á móti hafa komið í ljós verndandi áhrif mettaðrar fitu. Uppruni hennar kann að skipta máli. Mjólkurvörur eru frábær A og D vítamínjafi. Rétt eins og þekkt er að skortur á D vítamíni eykur hættu á dauðsföllum af völdum hjartasjúkdóma þá

er þekkt að kalk og fosfór sem er í mjólkurvörum kann að hafa áhrif til lækkunar blóðþrýstings og getur þar með minnkað hættu á hjartasjúkdómum.“

Þeir sem vilja lesa alla greinina geta fundið hana á þessari slóð: <http://www.bmj.com/content/347/bmj.f6340>

Fleiri vísindamenn og læknar hafa haldið á lofti og tekið undir sjónarmið af þessu tagi og þau fela í sér að sett eru spurningamerki við næringarráðgjöf síðustu fjórtíu ára. Það virðist því sem viðhorf til fitu í mjólkurvörum kunnist að vera að breytast með varanlegum hætti. Þetta kann að skýra að hluta þá miklu söluaukningu sem er að verða í vöruflokkum á borð við smjör, rjóma, rjómaost, brauðost og fl. síðustu misserin.

Átak til aðstoðar framleiðendum vegna júgurbólgu



Mjólkursamsalan hefur nú tekið yfir mjólkureftirlit sem áður var rek­ið af SAM. Jafnframt hefur MS ráðið til starfa Jarle Reiersen, dýralækni. Hann er mjólkureftirlitsmönnum til stuðnings og ráðgjafar. Jarle hefur nú

sett í gang sérstakt ráðgjafaverkefni til stuðnings framleiðendum sem eru að fást við viðvarandi júgurbólgu í fjósum. Talið er mögulegt að auka framleiðslu þessara bóva um allt að 10 – 20% byggt á tölum úr sambærilegu verkefni í Noregi. Verkefnið er þegar farið af stað með heimsóknunum til bænda á Norður- og Suðurlandi og MS hvetur bænda, sem telja sig geta haft gagn af þátttöku, til að hafa samband við Jarle í gegnum símanúmer Mjólkursamsölnnar sem er 569 2200 eða með rafpósti jarle@ms.is. Gert er ráð fyrir að merkja megi árangur á fyrstu búum í þessu verkefni innan 3 – 6 mánuða og verður gerð sérstök grein fyrir því.

Glæsilegar vinnslustöðvar opnaðar eftir endurnýjun – Tveggja milljarða króna áfangi í 8 milljarða króna heildarendurnýjun í mjólkuriðnaði

Í október opnaði Mjólkursamsalan tvær stærstu mjólkurvinnslustöðvar á Íslandi eftir gagngera endurnýjun og uppbyggingu, sem gerð var í tengslum við endurskipulagningu í framleiðslunni. Í þessum áfanga hefur verið fjárfest fyrir um 2 milljarða króna en á 6 árum hefur MS fjárfest í nýjum tækjum og búnaði fyrir um 8 milljarða króna á núvirði. Þessar fjárfestingar eru annars vegar vegna nauðsynlegrar endurnýjunar og hins vegar eru þær grundvöllur mikillar hagræðingar í mjólkuriðnaðinum.

Á Selfossi verður hér eftir unnið úr um 60 milljónum lítra af mjólk árlega, sem er langstærsta mjólkurvinnsla sem starfrækt hefur verið á Íslandi. Þar hafa verið settar upp sjö mjólkurpökkunarvélur frá því 2010 og nú síðast var öll mjólkurpökkun flutt frá Reykjavík austur. Þegar stöðin var opnuð ræsti landbúnaðarráðherra Sigurður Ingi Jóhannsson tveggja spora Tetra pökkunarvél sem getur annað um 14 þúsund lítrum á klukkustund. Auk fjárfestinga í mjólkurpökkun hafa öll grunnkerfi stöðvarinnar, kælikerfi, þvottakerfi og rafkerfi verið endurnýjuð. Á næsta ári verður sett upp ný vinnslu- og pökkunarlína fyrir sýrðar vörur. Meðal þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á vinnslunni má nefna að skyrframleiðsla hefur nú öll verið flutt til Selfoss og sömuleiðis öll pökkun MS á viðbiti í neytendaumbúðir.



Á Akureyri var stöðin enduropnuð með því að Sara María Davíðsdóttir, bóndi á Torfum og yngsti kúabóndinn á samlagssvæði MS Akureyri, ræsti ný ostarframleiðslutæki stöðvarinnar. Öll framleiðslulína ostar hefur nú verið endurnýjuð auk þess sem húsnæði hefur allt verið tekið í gegn og um 300 fermetra viðbygging reist við kæliafgreiðslu stöðvarinnar. Á Akureyri verður unnið úr um 37 milljónum lítrum af mjólk og samanlagt eru þessar tvær stöðvar því með til vinnslu um 80% af landsframleiðslunni. Meðal þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á vinnslu á Akureyri er að þangað hefur verið flutt svokölluð smávörudeild sem framleiðir ostakökur, grjónaagraut og fleiri vörutegundir.



Bændadagar í nóvember

Í undirbúningi er að bjóða upp á bændaheimsóknir í mjólkurstöðvar MS á Akureyri, Selfossi, Egilsstöðum og Búðardal. Gert er ráð fyrir að heimsóknirnar verði seinni partinn í nóvember og til þeirra verður boðið á hverju svæði sérstaklega með dreifibréfi. Markmiðið er að kynna þær breytingar sem gerðar hafa verið á starfsemi á hverjum stað og þá endurnýjun sem þar hefur orðið og jafnframt að kynna áætlanir um starfið á næsta ári.

Með kveðju,
Einar Sigurðsson, forstjóri